

Auka-aðalfundur FFLS

haldinn þann 13. febrúar 2014 kl. 18:00

Mættir:

Stjórn FFLS: Óskar Kristjánsson formaður, Melkorka Matthíasdóttir ritari, Sigrún Sigurhjártardóttir meðstjórnandi, Þórhallur Jóhannsson meðstjórnandi, Hulda Margrét Rútsdóttir meðstjórnandi og Inga F. Sigurðardóttir gjaldkeri.

18 manns mættir fyrir utan stjórnarmeðlimi. (skv. undirskriftalista)

Tillögu að lögum foreldrafélagsins dreift til fundargesta ásamt sérstöku plaggi, greinagerð um mikilvægi foreldrafélaga í grunnskólum og lögvarið hlutverk þeirra.

1. Setning laga um foreldrafélag Lágafellsskóla

ÓK ávarpar fundarmeðlimi og ræðir um mikilvægi þess að foreldrafélag Lágafellsskóla hafi lög og að það sé í raun ótrúlegt að ekki hafi verið sett lög fyrr, þrátt fyrir að FFLS hafi verið starfandi í fjöldamörg ár. Auk þess talar ÓK um að mikið hafi verið um fundarhöld foreldrafélagsins ásamt öðrum foreldrafélögum um byggingu skólamannvirkja í Mosfellsbæ.

Hreiðar Örn Zoega leggur fram kvörtun um tímasetningu þessa fundar og um að haldinn skuli auka-aðalfundur þar sem sett séu lög, í stað þess að gera það á hefðbundnum aðalfundi.

ÓK útskýrir að ákveðið hafi verið á Aðalfundi síðastliðið vor (2013) að Hreiðari viðstöddum, að halda Auka-aðalfund um haustið í þeim megin tilgangi að setja lög fyrir félagið. Svo vildi bara til að vegna aðstæðna hefði þessum fundi verið frestað og þessi tímasetning orðið fyrir valinu.

Ákveðið að halda fundi áfram og tillaga að lögum foreldrafélagsins lesin upp og einstaka greinar ræddar og orðalagi breytt eins og þurfa þykir.

Lög samþykkt af öllum fundarmeðlimum. Sjá meðfylgjandi skjal „Lög foreldrafélags Lágafellsskóla.pdf“.

2. Önnur mál

Bryndís Haraldsdóttir leggur fram kvörtun um að lögð hafi verið fram ályktun frá FFLS til bæjarstjóra um að hverfa frá fyrirætlun skólabyggingar í Helgafellsskóla og skoða möguleika á byggingu unglingskóla miðsvæðis í Mosfellsbæ.

ÓK svarar því til að því miður hefði foreldrafélögum bæjarins verið neitað um að fá að skýra hugmynd sína fyrir skóla- og bæjaryfirvöldum og þess vegna væri einmitt í gangi misskilningur eins og þessi. Ekki hafi verið talað sérstaklega um unglingskóla og að höfuðáhersla FFLS hafi verið á að mynda vinnuhóp út á okkar nærsvæði, þ.e.a.s. vestursvæði, þar sem baklandi FFLS (*foreldrum*) gæfist tækifæri til þess að koma að útfærslu tillagna um framtíð svæðisins. Hörð andstaða skólayfirvalda í sveitarfélaginu með Björn Þráinn Þórðarson forstöðumann fræðslu- og menningarsviðs í fararbroddi, hafi gert það að verkum að fyrirhugaður vinnuhópur var sleginn út af borðinu og ekkert varð af frekara samráði.

Helgi Bjarnason leggur fram tillögu um að sett verði fram eftirfarandi ályktun þessa fundar til skólastjórnar Lágafellsskóla:

„Foreldrafélag Lágafellsskóla leggst alfarið gegn því að 6 ára bekkur (1. bekkur) verði fluttur út af aðalsvæði skólans haustið 2014.“

Ályktun samþykkt með 9 atkvæðum gegn 8. Aðrir sátu hjá.

Í lokin var bent á að það vantaði upplýsingar og fundagerðir á heimasíðu Lágafellsskóla. Stjórnin hyggst bregðast við því hið fyrsta.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Fundargerð ritaði: Melkorka Matthíasdóttir